

Mál nr. 66/2014
M og
V v/ ábyrgðartryggingar atvinnureksturs Í.

Meðábyrgð tjónþola vegna vinnuslyss 2. febrúar 2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið 3. mars 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 31. mars 2014 ásamt gögnum.

Málsatvik.

M slasaðist í vinnuslysi við vinnu sína hjá Í þann 2. febrúar 2013. Slysið atvikaðist þannig að M var að vinna við þrif í fiskvinnslusal. M var með vatnsslöngu og var að smúla gólf og færíbönd í vinnslusalnum. Þegar hún náði ekki að losa loðnu, sem sat föst í færibandinu, með vatnsþrýstingi ákvað hún að grípa með höndum í loðnuna til að reyna að losa hana þannig. Við það festist hún í færibandinu og dróst með því nokkurn spöl án þess að geta stöðvað færibandið sjálf. Vegna vanbúnaðar á öryggisbúnaði færibandsins féllst V á að greiða bætur úr á ábyrgðartryggingu Í vegna slyssins en ágreiningur er um meðábyrgð M, m.t.t. 23.gr.a skaðabótalaga nr. 50/1993. Í þeirri grein kemur fram að stórkostlegt gáleysi eða ásetning þurfi til að starfsmaður í vinnuslysi beri hluta tjóns síns sjálfur vegna meðábyrgðar.

M telur að skilyrði 23.gr.a skaðabótalaga séu ekki uppfyllt þar sem hún hafi ekki sýnt stórkostlegt gáleysi við vinnu sína eins og V heldur fram. M telur að hún hafi gert það sem henni var falið að gera við þær aðstæður og með þau áhöld og tæki sem vinnuveitandi hennar útvegaði. Ekki hafi verið um svokölluð lokaprif að ræða í fiskvinnslusalnum þannig að ekki hafi verið slökkt á færíböndum eða þau tekin í sundur. M hafi því ekki getað annað en unnið það verk sem henni var falið við þrifin með þeim hætti sem hún gerði. M rekur síðan þau atriði sem leiða til skaðabótaábyrgðar Í og telur slysið rakið til þeirra og að hún hafi í mesta lagi sýnt einfalt gáleysi við störf sín sem geti, skv. fyrrnefndri grein skaðabótalaga, ekki leitt til meðábyrgðar hennar.

V telur að M eigi að bera helming tjóns síns vegna meðábyrgðar og telur að háttsemi M, sem fólst í því að fara með hönd inn í færiband sem var í gangi, hafi verið stórkostlegt gáleysi af hennar hálfu. V bendir á að M hafi unnið hjá Í í fimm ár og hafi m.a. sinnt nýliðafræðslu. Þar komi skýrt fram að það eigi alls ekki að fara með hendur inn í færíbönd sem eru á hreyfingu. Það komi m.a. fram í sérstöku öryggismyndbandi sem sýnt sé í þeirri nýliðafræðslu sem M hafði sinnt. Það sé því alveg ljóst að hún hafi vitað af þeirri hættu sem skapast gæti við þessar aðstæður og með því að fara gegn fyrirmælum í verklagsreglum Í hafi hún sýnt stórkostlegt gáleysi við störf sín og eigi að bera helmingi tjóns síns sjálf þess vegna.

Álit.

Í málinu er einungis deilt um meðábyrgð M en fallist hefur verið á að skilyrði skaðabótaábyrgðar Í séu fyrir hendi og V þess vegna viðurkennt bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu Í. Verða því ekki raktar ástæður skaðabótaábyrgðarinnar sérstaklega hér. Þegar metið er hvort sú háttsemi M, að fara með hönd inn í, eða nálægt færibandi sem var í gangi, sé stórkostlegt gáleysi verður að horfa til þess að M hafði nokkurra ára starfsreynslu hjá Í og m.a. sinnt þar nýliðafræðslu. Almennt má starfsmönnum vera það ljóst að hætta getur skapast af því að fara með hendur inn í færíbönd sem eru í gangi. M var í lófa lagið að láta stöðva færibandið eða tilkynna um að hún næði ekki að þrifa að fullu vegna þeirra aðstæðna sem uppi voru. Í ljósi þeirrar augljósu hættu sem hún setti sig í sem og þess að skýrlega kemur fram í nýliðafræðslu, sem M sinnti að einhverju leyti, að þessi háttsemi væri bönnuð, verður að telja að M hafi sýnt gáleysi sem er stórkostlegt í skilningi 23.gr.a

skaðabótalaga. Með hliðsjón af öllum gögnum málsins og aðstæðum verður hún látinn bera þriðjung tjóns síns sjálf.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr úr ábyrgðartryggingu Í hjá V en ber þriðjung (1/3) tjóns síns sjálf vegna meðábyrgðar.

Reykjavík 15. apríl 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.